



Fréttailkynning  
frá  
skrifstofu forseta Íslands

## **SAMÚÐARKVEÐJUR**

Forseti Íslands Ólafur Ragnar Grímsson hefur í dag sent Elísabetu Bretadrottningu og Tony Blair forsætisráðherra Bretlands eftirfarandi samúðarkveðjur:

„Ég votta yður og bresku þjóðinni djúpa samúð mína, konu minnar og Íslendinga allra vegna hinna hræðilegu hryðjuverkaárása í London. Hugur okkar er hjá hinum særðu og fjölskyldum hinna látnu og slösuðu.

Um veröld víða sameinast fólk nú í varðstöðu um hið frjálsa og opna samfélag, staðráðið í að láta hryðjaverkaöflunum ekki takast að skaða lýðræði okkar eða draga úr hollustu okkar við réttarríkið og almenn mannréttindi. Atlaga gegn friðsömum borgurum má aldrei verða neinum málstað til framdráttar.

Það er brýnt að sýna á þessari stundu víðtæka samstöðu allra þjóða og Íslendingar heita Bretum einlægum stuðningi á erfiðum tímum.“

7. júlí 2005